

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um útlendinga, nr. 53 23. janúar 2003.

1. gr.

Í viðauka 2 bætist við nýr töluliður, 10. töluliður, er orðast svo:

10. Gild ferðabréf fyrir íbúa Kosovo (UNMIK Travel Document) sem gefin eru út af skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Kosovo (UNMIK – United Nations Mission in Kosovo).

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka 3:

Orðið „Ekvador“ í I. kafla fellur brott.

Orðin „Stóra-Bretlandi“ í 1. tölulið II. kafla falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á viðauka 5:

Í stað:

Nígería – Lagos – Sendiráð Noregs

kemur:

Nígería – Abuja – Sendiráð Noregs

4. gr.

Í viðauka 5 falla brott eftirtaldir staðir og sendistofnanir:

Bandaríkin – Washington – Sendiráð Danmerkur.

Jamaíka – Kingston – Sendiráð Hollands.

Kúveit – Kúveit – Sendiráð Finnlands.

5. gr.

- Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 58. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um útlendinga nr. 96 15. maí 2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfínsson.